

Reykjavík, 29. febrúar 2016

Yfirlýsing Starfsmannafélags Fornleifastofnunar Íslands ses.:

Starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands lýsa yfir þungum áhyggjum af þeim hugmyndum sem uppi eru um sameiningu stjórnarsýslustofnunarinnar Minjastofnunar Íslands og eins af höfuðsöfnum landsins, Þjóðminjasafns Íslands. Þá gagnrýnum við þau frumvarpsdrög sem lögð hafa verið fram í tengslum við þessar breytingar. Undirbúningur samrunans hefur verið hraður, ógegnær og án raunverulegs samráðs við fagaðila og hagsmunahópa.

Þar með bætast starfsmenn Fornleifastofnunar í hóp þeirra fjölmörgu fagaðila sem ályktað hafa gegn þessum gjörningi s.s. Félags fornleifafræðinga, FÍSOS, Minjastofnunar Íslands og námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Það er von okkar að fallið verði frá þessum áformum og að uppbygging innan þessa mikilvæga og ört vaxandi málaflokks verði unnin í samvinnu og sátt við fagaðila.